

Alþingi
Erindi nr. P 135/2244
komudagur 16.4.2008



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi.
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Borgarnesi, 10. apríl 2008.

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374 mál.

Frumvarp hefur borist Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis, dags 29. Febrúar sl. og varðar skipulagslög.


Stjórn Samtaka sveitarfélaga tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga en vill þó áréttta eftirfarandi:

Orðið landsskipulagsáætlun: Með þessu orðalagi er nærtækt að álykta að um sé að ræða skipulagsáætlun sem er réttþærri en skipulagsáætlunum sveitarfélga sem gengur ekki. Stjórn SSV er þeirrar skoðunar að landsskipulag megi aldrei nota sem tæki fyrir ríkisvaldið til að knýja fram tiltekna framkvæmd í andstöðu við vilja sveitarstjórna. Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga og ekki verður við það unað að skerðing á valdi sveitarstjórna komi til.

Ákvæði um að skipulagsáætlanir skuli hafa að geyma ákvæði um útlit og form mannvirkja þarfnast frekari útfærslu í reglugerð.

Það er skoðun stjórnar SSV að margt í frumvarpsdrögum leiði til betri stjórnsýslu í skipulagsmálum en þó eru ýmis númer í frumvarpinu óþörf og líklegri til að hækka byggingarkostnað fremur en að bæta stjórnsýslu. Að öðru leyti, og eins og áður kemur fram, er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem áréttar vel hagsmuni sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri